

Minnisleikur

Memory

Aldur: 4 ára og eldri

Fjöldi leikmanna: 2-8

Leiktími: 10-30 mínútur

Innihald: 72 spjöld með myndum

Leikreglur: Fyrst eru öll spilin lögð á hvolf á borðið og þeim ruglað. Svo er þeim raðað í jafnar raðir í ferhyrning. Mikilvægt er að þau liggi ekki hvert ofan á öðru. Sá sem byrjar snýr við einhverjum tveimur spjöldum. Ef myndirnar eru eins á báðum spjöldum má hann taka samstæðuna til sín og gera aftur. Hann má halda áfram að gera á meðan hann fær samstæður. Sniðugt er að segja upphátt hvað er á myndinni á spjaldinu sem snúið er við. Bæði eykur það orðaforða barnsins og hjálpar því að muna hvar myndin liggur.

Ef myndirnar eru ekki eins, verður hann að snúa spjöldunum við aftur og næsti þáttakandi má gera.

Þegar spjöldunum er snúið við, verður að leyfa öllum þáttakendum að sjá þau áður en þeim er hvolft á sama stað aftur. Þannig geta spilarar lagt á minnið hvar ákveðnar myndir liggja, sem getur auðveldað þeim að finna næstu samstæðu.

Aldrei má snúa þremur spjöldum, jafnvel þó spilari telji sig hafa óvart snúið röngu spjaldi. Spilinu er lokið þegar búið er að finna allar myndasamstæður. Sá sem hefur fengið flest myndapörin hefur unnið. Annaðhvort er hægt að telja samstæðurnar eða stafla spjöldunum sínum upp. Sá sem er með hæsta staflann hefur unnið.

Ef tveir reynast jafnir geta þeir spilað eina stutta umferð með aðeins 9 myndapörum til að útkljá jafnteflið.

Ábending í lokin

Ef mjög ung börn eru að spila, eða þegar spilað er í fyrsta sinn, gæti verið sniðugt að byrja með færri myndapör en fjölga þeim síðar þegar börnin hafa náð tökum á spilinu.